



## **Ályktun aðalfundar Örlykjabandalags Íslands haldinn 20. og 21. október 2017 um heilbrigðismál**

Aðalfundur Örlykjabandalags Íslands, haldinn 20. – 21. október 2017, skorar á alla þingmenn sem munu taka sæti á Alþingi að loknum alþingiskosningum 28. október nk. að koma á gjaldfrjálsri heilbrigðisþjónustu.

Stefna þarf að gjaldfrjálsri heilbrigðisþjónustu, fyrst fyrir börn, langveika og öryrkja. Nú eru í gildi greiðsluþáttökukerfi fyrir lyf og fyrir heilbrigðisþjónustu, en sameiginleg greiðsluþök þeirra eru alltof há. Þau þarf að lækka hið fyrsta. Þar fyrir utan leggst margvíslegur annar kostnaður á sjúklinga. Þar má nefna sálfræðiþjónustu, ferðakostnað innanlands, tannlæknaþjónustu, tæknifrjóvganir og næringarráðgjöf sem þarf að setja undir greiðsluþak, og tryggja að gjaldskrár um endurgreiðslur vegna heilbrigðiskostnaðar, s.s. tannlæknaþjónustu, séu uppfærðar árlega m.t.t. launavísitölu og breytingu á vísitölu neysluverðs.